

AUGLÝSING

um framlengingu á skipan fjárhaldsstjórnar fyrir Sveitarfélagið Álftanes.

Innanríkisráðherra hefur ákveðið að skipun fjárhaldsstjórnar fyrir Sveitarfélagið Álftanes, sbr. auglýsing nr. 100/2010 sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda þann 8. febrúar 2010, sbr. auglýsingar nr. 612/2010, nr. 828/2010 og nr. 914/2010 verði framlengd til 1. apríl 2011.

Ákvörðun þessi, sem byggir á 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 28. janúar 2011.

Ögmundur Jónasson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 31. janúar 2011